

Aðalfundur FÍN

Borgartúni 6, Reykjavík, 28. mars 2022, kl. 17:00

Staðfundur og fjarfundur í gegnum Teams-fjarfundarbúnað

Fundargerð:

Marianna H. Helgadóttir, formaður FÍN setti fund kl. 17:04

Gerð var tillaga um að Runólfur Vigfússon tæki að sér fundarstjórn og að Stella Hrönn Jóhannsdóttir tæki að sér að rita fundargerð. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tók til starfa og staðfesti réttmæti fundarins.

Gengið var til dagskrár:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.

Formaður FÍN stiklaði á stóru um viðfangsefni félagsins síðastliðið ár. Skýrsla stjórnar er í fylgiskjali með fundargerð.

Mælendaskrá var opnuð.

Spurt var af hverju samningar á almennum markaði séu leynilegir þegar það á ekki við á opinbera markaðinum.

Svar: Samningar við SA eru opinberir en fylgiskjöl með samningunum eru ekki til opinberrar dreifingar að ósk SA vegna markaðslegra hagsmuna.

2. Lagðir eru fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess.

Guðrún Nína Petersen (GNP), gjaldkeri FÍN, fór yfir endurskoðaðan ársreikning FÍN. Félagið skilaði rúmlega 24 milljóna króna hagnaði, þrátt fyrir lækkað aðildargjald. Launakostnaður hækkaði vegna fleiri stöðugilda en annar rekstrarkostnaður stóð í stað.

Mælendaskrá var opnuð um ársreikninga. Enginn tók til máls.

GNP fór yfir endurskoðaðan ársreikning kjaradeilusjóðs.

Mælendaskrá var opnuð um ársreikning kjaradeilusjóðs. Enginn tók til máls.

Kosið var um samþykkt ársreikning FÍN. Samþykktur án mótaskvæða.

Kosið var um samþykkt ársreikning kjaradeilusjóðs. Samþykktur án mótaskvæða.

3. Tillögur um lagabreytingar

Formaður FÍN gerði grein fyrir þeim lagabreytingatillögum sem stjórn FÍN lagði fyrir aðalfund og hvað lá til grundvallar þeim.

a) 2. gr. Hlutverk

Var:

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- b) Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna.

Verður:

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum
- b) Að gera kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- c) Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna.

b) 3. gr. Aðildarskilyrði

Var:

Félagsmenn geta orðið:

- a) Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum,
- b) Nema aðild er tímabundin aðild að félaginu. Námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi geta sótt um nema aðild. Nema aðild varir að hámarki í 5 ár. Nema aðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

Kjörgengi og kosningaréttur eru háð því að félagsmenn hafi fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

Verður:

A. Full aðild: Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi.

Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nema aðild: Nema aðild er tímabundin aðild að félaginu. Nema aðild varir að hámarki í 5 ár. Nema aðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

Kjörgengi og kosningaréttur eru háð því að félagsmenn hafi fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

c) 5. gr. Aðalfundur

Var:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert. Aðalfundur skal auglýstur á vefsvæði félagsins með a.m.k. viku fyrirvara. Með slíkri auglýsingu telst aðalfundur vera löglega boðaður. Samhliða slíkri auglýsingu skal félagið senda fundarboð á skráð netföng allra fullgildra félagsmanna. Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram rafrænt í fjarfundi að hluta eða öllu leyti og skal geta þess í fundarboði hvort um staðfund eða fjarfund sé að ræða. Stjórn getur farið fram á að félagsmenn forskrái mætingu á aðalfund. Aðeins kjörgengnir félagsmenn geta gefið kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi og skulu þeir tilkynna stjórn FÍN skriflega/rafrænt um framboð sitt fyrir 1. febrúar. Meginreglan er sú að allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar/rafrænar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið. Heimilt er að hefja atkvæðagreiðslu við upphaf aðalfundar vegna kosningar í embætti á vegum félagsins.

Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað. Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
7. Kosning siðanefndar.
8. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

Verður:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert. Aðalfundur skal auglýstur á vefsvæði félagsins með a.m.k. viku fyrirvara. Með slíkri auglýsingu telst aðalfundur vera löglega boðaður. Samhliða slíkri auglýsingu skal félagið senda fundarboð á skráð netföng allra fullgildra félagsmanna. Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram rafrænt í fjarfundi að hluta eða öllu leyti og skal geta þess í fundarboði hvort um staðfund eða fjarfund sé að ræða. Stjórn getur farið fram á að félagsmenn forskrái mætingu á aðalfund. Aðeins kjörgengnir félagsmenn geta gefið kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi og skulu þeir tilkynna stjórn FÍN skriflega/rafrænt um framboð sitt fyrir 1. febrúar.

Meginreglan er sú að allar kosningar í embætti á vegum félagsins skulu vera skriflegar/rafrænar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Stjórn er heimilt að hefja rafræna atkvæðagreiðslu vegna kosningar í embætti á vegum félagsins og skal stjórn upplýsa félagsmenn um fyrirkomulag kosninganna fyrir lok framboðsfrests. Stjórn félagsins skal útbúa og samþykka kjörskrá um alla gilda kosningabæra félagsmenn samkvæmt félagatali 1. febrúar ár hvert.

Stjórn skal tryggja að félagsmenn geti kynnt sér þá frambjóðendur sem eru í kjöri áður en atkvæðagreiðsla hefst. Stjórn skal tryggja að upplýsingar sem eru veittar til frambjóðenda séu þær sömu. Stjórnarmenn og starfsmenn skulu gæta hlutleysis í störfum sínum gagnvart frambjóðendum. Niðurstöður kosninganna skulu tilkynntar á aðalfundi félagsins, í samræmi við dagskrá aðalfundar.

Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
7. Kosning siðanefndar.
8. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

d) 12. gr. Bandalag háskólamanna

Var:

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna – BHM. Formaður situr að jafnaði í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess. Stjórn skipar varamann formanns í formannaráði.

Verður:

Félagið er aðili að Bandalagi háskólamanna (BHM).

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna – BHM. Formaður situr að jafnaði í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess. Stjórn skipar varamann formanns í formannaráði.

e) 18. gr. Gildistími

Var:

Lög þessi öðlast gildi 25. mars 2021. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

Verður:

Lög þessi öðlast gildi 28. mars 2022. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

Mælendaskrá var opnuð.

Spurt var um hvers vegna aðalfundarboð sé sent út viku fyrir aðalfund en að framboð til embætta þurfi að hafa borist fyrir 1. febrúar.

Svar: Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en í mars ár hvert. Framboðsfrestur til 1. febrúar er verklagsregla til að stjórn FÍN hafi tækifæri til að óska eftir framboðum ef færri bjóða sig fram en embætti sem eru í boði.

Bent var á að orðið nemaðild er tvítekið í breytingatillögu 3. gr. Ekki var gerð athugasemd við efni tillögunnar.

Stjórn FÍN lagði fram tillögu að breyttu orðalagi á breytingatillögu 3. gr. sem verður svo:

A. Full aðild

Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi.

Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nemaaðild

Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu og varir að hámarki í 5 ár. Hún veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

Kjörgengi og kosningaréttur eru háð því að félagsmenn hafi fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

Opnað var fyrir rafrænar kosningar um lagabreytingatillögur.

- a) Tillaga að breytingu á 2. gr. samþykkt með 96,15% atkvæða gegn 3,85%.
- b) Tillaga að breytingu á 3. gr. með framlagðri orðalagsbreytingu samþykkt með 96% atkvæða gegn 4%.
- c) Tillaga að breytingu á 5. gr. samþykkt með 92% atkvæða gegn 4%. 4% skiluðu auðu.
- d) Tillaga að breytingu á 12. gr. samþykkt með 91,6 % atkvæða gegn 4,17%. 4,17% skiluðu auðu.
- e) Tillaga að breytingu á 18. gr. og lögín í heild sinni samþykkt með 96,3% gegn 3,7%.

Lög FÍN með áorðnum breytingum skoðast því samþykkt.

4. Ákvörðun um félagsgjöld

Frá og með 1. apríl 2021 lækkaði félagsgjald FÍN úr 0,7% af heildarlaunum niður í 0,65% af heildarlaunum, en ákvörðun þess efnis var tekin á aðalfundi félagsins 25. mars 2021.

Stjórn FÍN leggur ekki til breytingu á núverandi félagsgjaldi.

Mælendaskrá var opnuð. Enginn tók til máls.

Félagsgjöld verða óbreytt.

5. Stjórnarkjör

- a) Í kjöri til 2ja ára:

Formaður FÍN:

Marianna H. Helgadóttir, Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Meðstjórn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Fjarðabyggð

Benóný Jónsson, Hafrannsóknarstofnun

Guðrún Nína Pedersen, Veðurstofu Íslands

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg
Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir
Stefán Már Stefánsson, Náttúrufræðistofa Kópavogs
Svava S. Steinarsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech
Unnur Magnúsdóttir, Genis

b) Í kjöri til eins árs vegna afsagnar eins stjórnarmanns:

Kristín Hermannsdóttir, Rannís

Sjálfkjörið var í öll ofangreind embætti.

6. Kosning í stjórn Kjaradeilusjóðs

Í kjöri til 2ja ára:

Ólafur Eggertsson, Skógræktinni

Sjálfkjörið var í ofangreint embætti.

7. Kosning í stjórn Siðanefndar

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Fjarðabyggð

Emelía Eiríksdóttir, Coripharma

Símon Klupfel, Orkuveitu Reykjavíkur

Varamaður:

Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóla Íslands

Sjálfkjörið var í ofangreind embætti.

8. Önnur mál

Markaðssetning félagsins.

Orrí Þrastarson, sérfræðingur FÍN, fór yfir stöðu FÍN í samanburði við önnur félög háskólamenntaðra innan BHM. Samkeppni er mikil á milli stéttarféлага um aðildarféлага. Markaðsetning FÍN er mikilvæg, sérstaklega í ljósi þess að því fjölmennara sem stéttarfélögin eru, því meiri slagkraft hafa þau. FÍN er með rúmlega 40% lægri aðildargjöld en t.d. Fræðagarður. Félagsmenn FÍN hafa aðgengi að öllum sömu sjóðum og samskonar þjónustu og Fræðagarður, þ.e. sérfræðingum í kjaramálum og lögfræðingi. FÍN rekur sína eigin skrifstofu en Fræðagarður er með sameiginlega skrifstofu með 5 öðrum félögum. Mikilvægast í öllu kynningarstarfi félagsins er að félagsmenn upplifi góða þjónustu og hagsmunagæslu og að það tali opinskátt um upplifun sína við aðra. Félagið þarf því að hafa

mikinn metnað til þess að vera hagstæðast og með bestu þjónustuna í til að vera fyrsta val háskólamenntaðra.

Í umræðum kom fram að hugtakið markaðssetning sé mögulega ekki heppilegt til að nota við það að koma FÍN á framfæri við væntanlega féлага. Hugtakið er þó notað yfir almenna kynningarstarfsemi og ímyndarsköpun.

Fundarstjóri lokaði mælendaskrá og sagði formlegri dagskrá lokið.

Formaður FÍN þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir þeirra framlag. Fráfarandi stjórnarmönnum voru þökkuð þeirra störf og þeim færð gjöf.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 19:07.

Skýrsla stjórnar - Starfsárið 2021-2022

Vegna COVID-19 þá var síðasti aðalfundur haldinn rafrænt þann 25. mars 2021. Aðalfundurinn tókst vel og er fundargerð hans aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjórn FÍN

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Varaformaður:

Porkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn:*

Þjörg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Aðrir stjórnarmenn:

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg

Jón Már Halldórsson, Þjóðskrá

Margrét Geirsdóttir, Matís

Pétur Halldórsson, sjálfstætt starfandi

Ríkey Kjartansdóttir, Háskóli Íslands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Una Bjarnadóttir, Landspítali

*var kosin á starfsdegi trúnaðarmanna í apríl 2021.

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Formaður:

Marianna H. Helgadóttir, Félag íslenskra náttúrufræðinga

Aðrir stjórnarmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Fjarðabyggð

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Svava S. Steinarsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Stefán Már Stefánsson, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Svanhildur Þorsteinsdóttir, Sidekick Health

Sverrir Daníel Halldórsson, Hafrannsóknarstofnun rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech hf.

Unnur Magnúsdóttir, Genis

Ekki náðist að kveðja gamla stjórnarmenn og bjóða nýja stjórnarmenn velkomna.

Stjórn ákvað að reglulegir fundartímar stjórnar yrðu fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Öllum stjórnarmönnum var kynnt erindisbréf stjórnar. Stjórn hélt níu reglulega stjórnarfundi og að auki þrjá aukafundi. Framkvæmdastjórn hélt átta fundi á starfsárinu og fundaði að jafnaði föstudaginn fyrir stjórnarfund.

Samantektir úr fundargerðum stjórnarfunda eiga að vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins, en því miður hefur orðið misbrestur á því á síðasta ári.

Stjórn skipti með sér verkum:

Framkvæmdastjórn:

Marianna H. Helgadóttir, formaður

Porkell Hreiðarsson, varaformaður

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, ritari

Guðrún Nína Petersen, gjaldkeri

Torfi Geir Hilmarsson, meðstjórnandi

Fulltrúi FÍN í Formannaráð BHM

Aðalmaður: Formaður FÍN

Varamaður: Torfi Geir Hilmarsson

Skipun í Vísindasíðu FÍN

Lilja Grétarsdóttir

Margrét Geirsdóttir

Stefán Már Stefánsson

Svava S. Steinarsdóttir

Sverrir Daníel Halldórsson

Stjórn FÍN hélt starfsdag stjórnar á Hótel Vos í Bykkvabæ og þar var farið í gegnum stefnu FÍN og BHM og skýrslu Stratigíu um styrkleika og veikleika BHM.

Vísindasjóður

Stjórn Vísindasjóðs hittist tvisvar sinnum fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Meginviðfangsefni stjórnar er að ákveða úthlutanir, leysa úr vafamálum og hafa yfirumsjón með úthlutunum úr sjóðnum. Í sjóðinn er greitt 1,5% af heildarlaunum félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögunum og félagsmanna sem samið hafa um iðgjöld í sjóðinn á almenna markaðinum en 1,6% af heildarlaunum félagsmanna er greitt inn í sjóðinn frá Reykjavíkurborg. Fullur almennur styrkur í desember á sl. ári var 120 þ.kr. á almenna markaðnum en 128 þ.kr hjá Reykjavíkurborg.

Kjaradeilusjóður

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja Ólafur Eggertsson, formaður sjóðsins, Friðþjófur Árnason og Bergljót Einarsdóttir, formaður og gjaldkeri FÍN. Varamenn í stjórn Kjaradeilusjóðs eru varaformaður og ritari FÍN. Stjórn Kjaradeilusjóðs fundaði ekki á starfsárinu, en upplýsingar um ávöxtun sjóðsins voru sendar til stjórnarmanna. Meginviðfangsefni hans er ávöxtun fjármuna sjóðsins en um sl. áramót var eigið fé sjóðsins um það bil 412,7 m.kr. Ekkert fjármagn var lagt inn í sjóðinn á árinu og hækkun á eigin fé nam tæplega 9,96%.

Siðanefnd

Í Siðanefnd sitja Anna Berg Samúelsdóttir, Emelía Eiríksdóttir, Jón Þór Bergþórsson, Ólafur Eysteinn Sigurjónsson og Simon Klüpfel. Varamenn eru Jóna Freysdóttir og Guðlaug Katrín Hákonardóttir. Siðanefnd hefur sett siðareglur náttúrufræðinga. Siðanefnd tekur til umfjöllunar þau meintu brot sem kærð eru til hennar. Siðanefnd hittist tvisvar sinnum á starfsárinu. Eitt meint brot var kært til siðanefndar og er það enn í vinnslu.

Starfsdagur trúnaðarmanna, vinnustaðafundir og aðrir fundir með félagsmönnum

Starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn 29. apríl 2021 og annar var haldinn í morgun 28. mars 2022, en venjulega eru tveir starfsdagar trúnaðarmanna á hverju starfsári.

Hefðbundnir vinnustaðafundir voru ekki haldnir á árinu, en alls voru 23 fundir voru haldnir með félagsmönnum á nokkrum stofnunum. Þar má t.d. nefna að haldnir voru sérstakir fundir með trúnaðarmönnum hjá Veðurstofu Íslands annars vegar og Blóðbankanum hins vegar vegna styttingar vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk. Einnig voru haldnir sérstakir fundir með félagsmönnum vegna niðurlagningar starfa eða uppsagna hjá Veðurstofu Íslands.

FÍNN - Vísindaferðir


Engar vísindaferðir voru haldnir fyrir háskólanema vegna COVID-19.

Félagsmenn

Nýir félagsmenn og fjöldi félagsmanna FÍN á vinnumarkaði

Á tímabilinu apríl 2021 til mars 2022 bárust 137 umsóknir um fulla aðild að félaginu og sjö sóttu um nema aðild. Alls sögðu þrír sig úr félaginu á starfsárinu.

Greiðandi félagsmenn í febrúar/mars 2022 voru 2.125 samanborið við 2.030 á sama tíma fyrir ári. Af þessum aðilum sem greiða iðgjöld til félagsins þá eru í febrúar/mars 2022 opinberir starfsmenn 1.052. Hjá ríkinu eru þeir 912, hjá sveitarfélögum 133, þar af hjá Reykjavíkurborg 67. Alls eru 112 sem taka laun skv. tengisamningum, þ.e. tengja sig við kjarasamninga FÍN og ríkisins. Á almennum markaði er alls 883 sem greiða iðgjöld til félagsins. Alls þiggja 29 atvinnuleysisbætur og 56 eru í fæðingarorlofi. Sjá mynd 1.




Mynd 1: Fjöldi greiðandi í janúar/febrúar 2022.

Atvinnulausir félagsmenn, styrkir til atvinnulausra og endurgreiðsla ævigjalds í OBHM

Fjöldi atvinnulausra félagsmanna í janúar 2022 voru 29 samanborið við 51 á sama tíma í fyrra. Því hefur fækkað fjölda félagsmanna FÍN sem eru á atvinnuleysissskrá.

Á mynd 2 má sjá fjölda atvinnulausra í félaginu frá janúar 2019 til janúar 2022.



Mynd 2: Fjöldi atvinnulausra í félaginu frá janúar 2019 til janúar 2022.

Alls voru afgreiddir þrír styrkir til atvinnulausra á starfsárinu samanborið við sjö styrki á fyrra starfsári.

Greiddur voru út fimm styrkir til félagsmanna vegna endurgreiðslu ævigjalds í Orlofssjóð BHM á starfsárinu samanborið við þrjá styrki á fyrra starfsári.

Veittir voru þrír nemendafélagastyrkir upp á 50.000 kr. hver.

Kjarasamningar

Kjarasamningur við ríkið:

Unnið hefur verið að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar í stýrihópi.

Kjarasamningur við sveitarfélögin:

Unnið hefur verið að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar í stýrihópi.

Engar breytingar hafa orðið á svokölluðum C störfum og um síðustu áramót unnu nokkur félag að því að fá breytingar á þessum störfum og höfðu þau ekki erindi sem erfiði. Breytingar á C störfum verður því viðfangsefni næstu kjarasamninga.

Kjarasamningur við Reykjavíkurborg:

Unnið hefur verið að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar í stýrihópi.

Gengið var frá kjarasamningi við Reykjavíkurborg 25. júní 2020. Gildistími er frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023. Í lok nóvember gengu félagsmenn að því að ganga inn í starfsmat.

Á samningstímanum hefur einnig verið samtal um reglur borgarinnar varðandi fastlaunasamninga voru yfirfærðar á önnur laun.

Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins:

Gengið var frá heildstæðum kjarasamningi við SA þann 17. júní sl. Einnig náðist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar 7. janúar sl. Samningurinn gildir þar til nýr verður gerður. Fylgiskjöl/eyðublöð við kjarasamning SA hafa þau verið þýdd á ensku og er verið að reyna að finna lausn á lokuðu svæði fyrir skjölin sem yrðu aðgengileg fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM.

Stofnanasamningar

Alls er félagið með 63 stofnanasamninga og á starfsárinu voru sjö stofnanasamningar endurnýjaðir.

Verkfallslistar

Félagið hefur haft upp varnir gagnvart ríki og sveitarfélögum vegna auglýsinga um störf sem eru undanþegin verkföllum. Samkomulag náðist um öll störf og ekki var ástæða til að andmæla neinum störfum.

Dómsmál

Stjórn FÍN samþykkti að fara í nokkur dómsmál fyrir hönd sinna félagsmanna og voru málin af eftirfarandi toga:

- Vörpun milli stofnanasamninga og mat á menntun skv. stofnanasamningi og kjarasamningi. Málið tapaðist fyrir félagsdómi.
- Uppgjör á unninni yfirvinnu vegna starfsloka hjá fyrirtæki á almennum markaði. Sátt var gerð.
- Ólögmæt uppsögn á opinberum markaði. Í vinnslu.

Eldri mál sem ekki lág fyrir niðurstaða í á síðasta aðalfundi:

- Vegna mats á viðbótarnámi skv. stofnanasamningi. Málið tapaðist fyrir félagsdómi.
- Vegna mats á masters og doktorsnámi skv. ákvæðum gerðardóms. Málið fer fyrir héraðsdóm. Málið tapaðist fyrir héraðsdómi.

Umsagnir um frumvörp

Engar umsagnir voru sendar Alþingi.

Náttúrufræðingar á Norðurlöndunum

FÍN er aðili að Nordiska landbruksakademikerrádet (NLR) sem er samstarf náttúrufræðinga á Norðurlöndunum. FÍN tók á móti náttúrufræðingum frá Finnlandi, Noregi og Danmörku, en Svíar gátu því miður ekki mætt á fundinn. Var fundurinn haldinn á Norðausturlandi. Næsti fundur NLR verður haldinn í Finnlandi í lok ágúst og var formaður Loimu kosinn formaður NLR.

Lög félagsins

Á síðasta aðalfundi ákvað stjórn FÍN að leggja fram tillögu um breytingar á lögum félagsins vegna tilkomu rafrænna funda og rafrænna kosninga, ásamt því að setja skyldur á hendur félagsmanna um að upplýsa félagið um það netfang sem félagsmenn vilja að félagið noti til að senda út tilkynningar og nota til að senda á kjörseðla.

Stjórn FÍN ákvað fyrir þennan aðalfund að leggja til að í lögum sé ákvæði um rafrænar atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna í embætti á aðalfundi félagsins og rýmka aðild að félaginu, svo fremi að stjórn FÍN telji sig hafa samningsrétt fyrir viðkomandi starf.

Aðalfundur og Stefnumótunarþing BHM

Aðalfundur BHM var haldinn 27. maí 2021, hann var haldinn í fjarfundi. Félagið átti 22 aðalfundarfulltrúa á fundinum. Stjórn var mjög óánægð með fundarstjórn, framkvæmd fundar og niðurstöður kosninga í nefndir.

Frambjóðendurnir Friðrik Jónsson og Maríanna H. Helgadóttir komu á fund stjórnar FÍN og kynntu sínar áherslur.

Friðrik Jónsson var kjörinn nýr formaður Bandalags háskólamanna til tveggja ára í rafrænni kosningu. Friðrik, sem var formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, tók við sem formaður BHM á síðasta aðalfundi bandalagsins. Hann hlaut 69,5% atkvæða í kosningunni en Maríanna H. Helgadóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, hlaut 30,5% atkvæða.

Stefnumótunarþing BHM var haldið í febrúar 2022 og átti félagið 23 fulltrúa á þinginu. [Stefna BHM](#) verður lögð fyrir næsta aðalfund BHM til endanlegrar samþykktar en aðalfundur BHM verður haldinn 31. maí nk. Á stefnumótunarþingi BHM var lögð fram eftirfarandi drög að stefnu BHM:

- Atvinnulíf og nýsköpun
- Húsnæðismál
- Jafnréttismál og fjölskylduvænn vinnumarkaður
- Launa- og kjaramál
- Lífeyrismál
- Menning og skapandi greinar
- Menntamál og háskólamenntun
- Skattamál
- Umhverfis- og loftslagsmál
- Velferðarmál

- Vinnuverndarmál

Þess má geta að Bandalag háskólamanna (BHM) og Samtökin '78 skrifuðu undir samkomulag á starfsárinu um aukið samstarf á sviði jafnréttismála en fyrsta skrefið er rannsókn á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði.

Formannaráðsfundur eru haldnir reglulega og voru haldnir 10 formannaráðsfundir frá apríl 2021 til loka mars 2022, þar af tveir fundir formannaráðs án stjórnar og einn aukaformannaráðsfundur. Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd á vegum formannaráðs:

- **Fræðslustefna.** Í apríl 2021 var kynnt fræðslustefna BHM vegna komandi árs.
- **EKKO stefna.** Alls hafa borist 14 ábendingar um ofbeldi, einelti eða kynbundið ofbeldi á vinnustað BHM og aðildarféлага BHM. Stjórn BHM var upplýst af Auðnast um málið og í kjölfarið var formannaráð BHM upplýst um stöðu mála. Formannaráð ákvað að fá úttektaraðila til að greina stöðuna á vinnustaðnum vegna þessara ábendinga og er málið í ferli.
- **Skipað var í starfshóp um mótun samskiptasáttmála.**
- **Fundarsköp BHM.** Fundur formannaráðs verða framvegis opnir og endurskoðaði átti fundarsköp BHM á árinu en það hefur ekki náðst.
- **Vegvísir að nýjum tímum.** Formaður BHM lagði fram vegvísi sex aðildarféлага BHM (FRG, FPR, FH, FS, FÍH og KVH) með það að markmiði að efla hag bandalagsins og félagsmanna þess. Efnisatriðin eru sprottin fram úr samtali formanns við grasrótina síðustu mánuði m.a. við þá formenn féлага sem undirrita skjalið. Stjórn FÍN lagði fram ályktun og hafnaði því að samþykkja slíkan vegvísi sem umboð til handa formanni BHM en var tilbúin til að ræða innihald hans á formannaráðsfundum.
- **BHM tilnefndi að beiðni forsætisráðherra fulltrúa í aðgerðarhóp um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði.**
- **Umbótarhópur vegna innri umbóta var stofnaður.** Varaformaður FÍN var skipaður af FÍN í þennan hóp.
- **Lögð var fram sóknaráætlun BHM**
- **Könnun var hjá Kjara- og réttindanefnd BHM um styttingu vinnuvikunnar.**
- **Jöfnun launa á milli markaða vegna breytinga á lífeyrisherfi opinberra starfsmanna.** Staðan í 7. gr. starfshópnum. Dráttur hefur orðið á greiðslum í samræmi við samkomulag sem gert var millil aðila í tengslum við kjarasamninga. Gögn sem berast frá Hagstofunni bera alltaf með sér slæma stöðu kvennastéttanna. Engin breyting er frá því fyrir ári síðan.

Rafræn fræðsla BHM lokuðu svæði

Fjölbreytt fræðsla er félagsmönnum aðildarféлага BHM aðgengileg.

Þess má geta að BHM hefur samið við fræðslufyrirtækið Akademias um aðgang að rafrænum [fyrirtækjaskóla](#) þess fyrir félagsmenn aðildarféлага BHM. Akademias er rafrænn vettvangur fyrir menntun og þjálfun sem býður upp á fjölda lengri og styttri námskeiða og námslína.

Tilnefningar FÍN í stjórnir, sjóði og nefndir BHM

Stjórn FÍN tilnefndi eftirfarandi aðila til framboðsnefndar BHM vegna komandi aðalfundar BHM og sjóða BHM:

- Varaformaður BHM: Engin tilnefning.
- Stjórn BHM: Engin tilnefning, Þorkell Hreiðarsson situr frá fyrra ári.
- Framboðsnefnd BHM: Svava S. Steinarsdóttir til tveggja ára.
- Kjara- og réttindanefnd BHM: Maríanna H. Helgadóttir til tveggja ára.
- Kjörstjórn BHM: Runólfur Vigfússon til tveggja ára.
- Lagabreytinganefnd BHM: Maríanna H. Helgadóttir til tveggja ára.
- Jafnréttisnefnd BHM: Margrét Geirsdóttir til tveggja ára.

- Starfsmenntunarsjóður BHM: Jón Már Halldórsson, meðstjórnandi, til tveggja ára.
- Orlofssjóður BHM: Bragi Bergsson, meðstjórnandi, til tveggja ára.
- Sjúkrasjóður BHM: Orri Þrastarson, meðstjórnandi, til tveggja ára.

Viðbragðsáætlun BHM og FÍN vegna COVID-19

BHM gerði árið 2020 viðbragðsáætlun vegna COVID-19 og FÍN sambærilega viðbragðsáætlun. Fundir hafa að mestu leyti með fjarfundarbúnaði og önnur mál afgreidd með símtali eða tölvupósti. Nú horfir til bjartari tíma en gert er ráð fyrir að fjarfundir og staðfundir verði í bland.

Starfsmenn á skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði þrjú starfsmenn í fullu starfi. Nú starfa Marianna H. Helgadóttir, formaður félagsins og framkvæmdastjóri, Runólfur Vigfússon, lögfræðingur og Orri Þrastarson, sérfræðingur í fullu starfi hjá félaginu.

Opnunartími skrifstofu

Opnunartími skrifstofunnar er milli kl. 11:00 – 12:00 þriðjudaga og fimmtudaga og frá kl. 13:00 – 14:00 á mánudögum og miðvikudögum. Lokað er á föstudögum. Símatími er á sama tíma. Öllum tölvupóstum sem berast á netfangið fin@bhm.is á að svara innan tveggja virkra daga. Skipulögð viðtöl við félagsmenn eru þó hvenær sem er innan dagsins. Með þessu móti þá geta félagsmenn gengið að þjónustunni þegar hún er í boði og hægt er að veita hana í stað þess sem að starfsmenn hafa oft ekki verið við eða getað tekið síma vegna annarra starfa, s.s. vegna viðtala við félagsmenn eða fundasetu. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð á skrifstofu FÍN, en þess má geta að við svörum símanum ef við erum laus þó að við séum með skilgreinda opnunartíma. Skrifstofan er nú opin fyrir heimsóknir.

Persónuverndarstefna

BHM og FÍN er með sama persónuverndarfulltrúa og unnið er að gerð vinnsluskráa og skráningu verkferla í samráði við hann.

Endurskoðendur EY kynna niðurstöður ársreikninga og skráning raunverulegra eigenda

Endurskoðendur Ernst og Young (EY) hafa endurskoðað bókhald félagsins og stillt upp ársreikningi og var hann undirritaður rafrænt. Töluverður hagnaður er á árinu en lagt er til á aðalfundi að halda félagsgjöldum óbreyttum eða 0,65% af heildarlaunum.

Framboð á aðalfundi FÍN

Samkvæmt lögum félagsins þurfa félagsmenn að bjóða sig fram fyrir 1. febrúar hvert ár vilji þeir bjóða sig fram til embætta á vegum félagsins. Reynslan hefur verið sú að fleiri sæti þarf að fylla en félagsmenn sækjast eftir, svo stjórn hefur að jafnaði þurft að finna einstaklinga í laus embætti. Þetta er ekki óskastaða en stjórn FÍN reynir að gæta að því að stjórnarmenn komi af öllum vinnumarkaðinum. Sjálfkjörið er í öll embætti í ár.

Þakkir

Ég óska fráfarandi stjórnar- og nefndarmönnum farsældar í framtíðinni og býð samhliða því nýja félagsmenn velkomna í stjórn og nefndir á vegum félagsins. Ég vil einnig þakka starfsfólki fyrir þeirra framlag til félagsins, en starf þeirra er ómetanlegt fyrir okkar félagsmenn.